



Akraneskaupstaður

Ályktun bæjarstjórnar Akraness / Kjalarnes

Fundur bæjastjórnar nr. 1275, þann 12. júní 2018

Bæjarstjórn Akraness hefur undanfarin ár margssinnis vakið athygli samgöngufirvalda á brýnni nauðsyn þess að auknum fjármunum verði varið til endurbóta á Vesturlandsvegi um Kjalarnes til að auka umferðaröryggi og greiða för.

Ljóst er að ástand Vesturlandsvegar um Kjalarnes er með öllu óásættanlegt og öryggi vegfarenda er teft í hættu. Daglega fara um veginn þúsundir bíla og sífellt eykst fjöldi óöruggra vegfarenda sem fara um veginn.

Það voru því sár vonbrigði að við nýlega úthlutun á fjögurra milljarða króna viðbótarframlagi ríkisins til brýnna vegaframkvæmda skuli Sigurður Ingi Jóhannesson, samgönguráðherra, enn og aftur horfa framhjá hrópandi framkvæmdaþörf á Vesturlandsvegi um Kjalarnes.

Bæjarstjórn Akraness krefst þess að samgöngufirvöld, svari ákalli Skagamanna og bregðist tafarlaust við hættulegu ástandi Vesturlandsvegar um Kjalarnes og tryggi að í nýrri samgönguáætlun verði lokið við tvöföldun Vesturlandsvegar frá Hvalfjarðargöngum til Reykjavíkur innan þriggja ára.

Áskorunin er send samgönguráðherra, formanni samgönguráðs, þingmönnum NV kjördæmis og þingmönnum Reykjavíkur.

Gunnar Jóhanna Jóhannsdóttir
Hildur Þórhildur
Raquel B. Sennudsson
Bára Ólafsdóttir
Kristinn Hallur Sveinsson
Einar Brundsson
Rakel Óskarsdóttir
Sandýa M. Sigurjónsd.


